



## 2. Alþjóðlegar sumarþúðir

Það skemmtilegasta sem ég geri er að fá að velja það sem ég vil helst!



<b>Mólefni</b>	Mismunun, almenn mannréttindi
<b>Þyngdarstig</b>	Stig 2–3
<b>Aldur</b>	8–13 ára
<b>Tími</b>	45–60 mínútur
<b>Hópstærð</b>	Ekki fleiri en 20
<b>Tegund verkefnis</b>	Forgangsröðun, samkomulagsgerð, umræður
<b>Yfirlit</b>	Börnin velja sér „tjaldfélaga“ af lista þar sem hverjum og einum er lýst stuttlega og ræða um ástæðuna fyrir vali sínu
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að kanna persónulegar staðalmyndir og fordóma og hvert slíkt á rætur sínar að rekja</li> <li>• Að stuðla að jafnrétti</li> </ul>
<b>Undirbúningur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gerðu lista með 12 þátttakendum af listanum hér aftar eða settu inn nýja sem hæfa hópnum þínum betur. Að minnsta kosti einn þeirra skal vera frá stað sem er ekki til.</li> <li>• Taktu ljósrit af verkefnablaðinu fyrir hvert barn, ásamt lýsingu á sumarþúðunum og þátttakendum 12</li> <li>• Annar kostur: skrifaðu listann á töfluna</li> </ul>
<b>Efniviður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ljósrit af verkefnablaðinu og blýantur fyrir hvert barn</li> <li>• Pappír og merkipennar fyrir hvern hóp</li> </ul>

### Leiðbeiningar

- Láttu hvert barn fá ljósrit af verkefnablaðinu og blýant. Útskýrðu leiðbeiningarnar á blaðinu. Lestu lýsingarnar á þátttakendum upphátt.
- Segðu börnunum að hver og einn eigi að velja sér þrjá félagasem hann getur hugsað sér að vera í tjaldi með. Enginn má segja orð á meðan.
- Þegar allir eru búnir að velja sér félagasem skaltu skipta þeim í þriggja til fimm manna hópa. Útskýrðu fyrir þeim hvað þau eiga að gera.
  - Það eru fjögur tjöld í ykkar hluta tjaldþúðanna. Í hverju tjaldi gista fjórar manneskjur. Ef þið teljið saman hvað þið eruð mörg í hópnum og þær þrjár manneskjur sem eru á lista hvers og eins, þá ættuð þið að vera sextán talsins. Síðan ákveðið þið innan hópsins hverjir skulu vera saman í tjaldi. Teiknið fjögur tjöld á blað, á hvert tjald skrifið þið nöfn þeirra sem eiga að gista þar og festið blaðið á töfluna.
  - Ef þið eruð fleiri en sextán skal hópurinn skera úr um hvern á að taka af listanum. Ef fleiri en einn í hópnum velja sömu manneskjuna verður hópurinn að velja einhvern annan af listanum.
- Gefðu börnunum tíma til að skoða uppdrætti hinna hópanna. Lestu síðan upp lýsinguna á þátttakendum af listanum í rétttri röð til að komast að því í hvaða tjald hver hópur hefur sett þá. Þannig geta börnin séð hverjir hafa valið sömu þátttakendur og þau.

**Heimild:** Unnið upp úr *Euro-rail à la carte*, námsefni í herferðinni *All Different – All Equal* (Öll ólík – Öll jöfn), Evrópuráðið, 1995

### Samantekt og mat

- Ræðið saman um niðurstöður verkefnisins:
  - Var erfitt að velja sér þrjá tjaldfélaga? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
  - Voru sum börnin valin oft sem tjaldfélagar? Hvers vegna?



- c. Voru sum barnanna ekki valin af neinum? Hvers vegna?
  - d. Hvað réði ákvörðun ykkar um barnið frá staðnum sem þið höfðuð aldrei heyrt um?
2. Hvernig líður ykkur eftir þetta verkefni?
- a. Bar eitthvað skemmtilegt á góma í hópumræðum ykkar?
  - b. Var erfitt að vera á sama máli og hópurinn ykkar?
  - c. Hverjir eru ánægðir með niðurstöðuna og hverjir eru ekki ánægðir?
  - d. Lærðuð þið eitthvað um ykkur sjálf? Um það hvernig þið veljið hluti?
3. Gerið samanburð á þessu verkefni og raunverulegum aðstæðum:
- a. Voru þessar aðstæður raunverulegar?
  - b. Getið þið nefnt aðrar aðstæður þar sem þið verðið að velja með hverjum þið viljið vera?
  - c. Hvernig finnst ykkur að þurfa að velja?
  - d. Hvernig upplifun er að vera í raun og veru valinn? Að vera ekki valinn?
  - e. Hvaða vali af svipuðu tagi standið þið frammi fyrir í raunveruleikanum?
  - f. Eiga öll börn rétt á að velja? Að vera valin?
4. Fjallið um hvernig við mótum okkur skoðanir á öðru fólki, jafnvel fólki sem við höfum aldrei hitt:
- a. Hvað er líkt með börnum? Hvað er ólíkt?
  - b. Hvernig mótið þið ykkur skoðanir á börnum sem þið hafið aldrei hitt?
  - c. Hvernig mótið þið ykkur skoðanir á staðnum sem þau koma frá?
  - d. Er til fólk sem hefur staðlaðar hugmyndir um ykkur? Um börn?
  - e. Eruð þið með staðlaðar hugmyndir um annað fólk?
  - f. Hvað getum við gert til að mynda okkur ekki ósanngjarnar skoðanir út frá stöðluðum hugmyndum?
  - g. Hvers vegna leiða staðalmyndir til mismununar?

### Tillögur um framhald

- Verkefnið „Kæra dagbók“, bls. 115, sýnir ólíka upplifun af sama deginum.
- Verkefnið „Zabderfilíó“, bls. 194, sýnir hvaða áhrif hræðslan við hið óþekkta hefur.
- Í verkefnunum „Með bundið fyrir augu“, bls. 143; „Myndaleikir“, bls. 150, og „Hver er fyrir aftan mig?“, bls. 104, er fjallað um ýmiss konar staðalmyndir.

### Hugmyndir um aðgerðir

- Næst þegar börnin eiga að velja sér félag eða lið skaltu nota tækifærið og minna þau á þetta verkefni og hvaða lærdóm þau drógu af því.
- Komið eigin sumarbúðum á fót; nokkrar evrópskar styrktaráætlanir bjóða nú þegar upp á möguleika á að setja upp slíkar búðir. Vegna unglunga, þrettán ára og eldri, skal leita upplýsinga um áætlun framkvæmdastjórnar ESB um „Evrópu unga fólksins“.

### Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Gættu þess að ýta ekki undir staðlaðar hugmyndir á nokkurn hátt. Þá væri tilgangurinn með þessu verkefni að engu hafður.
- Best er að fjögur börn séu í hverjum hópi og að hvert barn setji þrjá tjaldfélaga á listann sinn. Verkefnið hentar þó hópum af hvaða stærð sem er en þá þurfa börnin að koma sér saman um að fækka eða fjölga þátttakendum á listunum sínum þannig að þeir verði sextán talsins.



- Veldu og/eða breyttu þátttakendalistanum af kostgæfni til að verkefnið skili þeim árangri sem til er ætlast. Gættu þess að ekkert barnanna í hópnum líkist einhverjum á þátttakendalistanum. Einfaldaðu lýsinguna á þátttakendum, einkum á því hvaðan þeir koma, fyrir yngstu börnin. Láttu þó a.m.k. einn þátttakanda á listanum vera frá skálduðum stað svo að börnin verði að taka ákvörðun án þess að vita neitt um hann.
- Ef börnin þekkja ekkert til sumarbúða eða tjaldútilegu skaltu velja aðrar aðstæður þar sem náninnar samveru eru krafist (t.d. þar sem deila þarf skólaborði eða herbergi á heimavist eða gistiheimili).
- Ekki svara spurningum um þátttakendalistann. Segðu börnunum að þau eigi aðeins að hafa listann til hliðsjónar við val sitt.
- Sum barnanna eiga ef til vill erfitt með að velja og segja að þeim sé alveg sama um með hverjum þau eru í tjaldi. Þá skaltu spyrja þau með hverjum þau vilji ekki vera í tjaldi. Engu að síður er hægt að bera saman niðurstöður barnanna í litlu hópnum.
- Sum þeirra vilja kannski vera saman í tjaldi og setja „ókunnugu þátttakendurna“ í önnur tjöld. Ekki skipta þér af því, niðurstöðurnar munu leiða ýmislegt í ljós. Sömuleiðis máttu ekki láta börnin halda að það sé slæmt að velja sér helst félag sem líkjast þeim sjálfum. Val leiðir ekki í öllum tilvikum til mismununar.

### Breytingar

- Til að stytta verkefnið:
  - Hafðu tjöldin minni þannig að hvert barni þurfi aðeins að velja sér einn eða tvo tjaldfélaga.
  - Fækkaðu þátttakendum á listanum sem þau velja af.
  - Slepptu hópvinnumni í 3. lið.
  - Til að litlu hóparnir eigi auðveldara með að taka ákvörðun skaltu gera lista yfir þá þátttakendur sem valdir hafa verið. Síðan velja börnin hvert á fætur öðru einn þátttakanda þar til enginn er eftir.
- Vegna yngstu barnanna:
  - Styttu verkefnið samkvæmt tillögnum hér fyrir framan.
  - Breyttu lýsingunum á þátttakendum þannig að þeir verði yngstu börnunum síður framandi (ekki er t.d. víst að þau viti neitt um Mongólíu eða hafi hugmynd um hvað Kung fu-bolur er).



## EFNI TIL DREIFINGAR: VERKEFNABLAÐ

**Alþjóðlegar sumarþúðir**

Þú ert, ásamt börnum frá öllum heimshornum, nýkomin(n) í alþjóðlegar sumarþúðir. Engir þekkjast. Flokksstjórnarnir hafa ákveðið að þú megir velja hverjum þú viljir vera með í tjaldi næstu tvær vikurnar. Það er pláss fyrir fjögur börn í hverju tjaldi. Þú mátt velja þér þrjá þátttakendur sem tjaldfélaga.

**Þátttakendur í alþjóðlegum sumarþúðum**

Veldu þér þrjú börn af listanum sem tjaldfélaga.

1. \_\_\_\_\_

2. \_\_\_\_\_

3. \_\_\_\_\_

1. Barn sem er fótbrotið og notar hækjur
2. Rómabarn með gyllta eyrnalokka, sem á heima hér á landi
3. Rauðhært og freknótt barn frá Ástralíu
4. Japanskt barn sem er í Kung Fu-bol
5. Feitur krakki frá Bandaríkjunum
6. Feimið barn frá Transmarínú
7. Barn innflytjenda frá Afríku
8. Blint barn með fylgdarhund
9. Barn með sterk gleraugu og bólur í framan
10. Barn frá Bretlandi í skólabúningi
11. Tyrkneskt barn sem á heima í Þýskalandi, með glóðarauga og klætt í bol með mynd af hausnúpu
12. Barn frá Suður-Ameríku sem klæðist þjóðlegum fatnaði
13. Barn sem notar táknmál í samskiptum
14. Barn frá Mongólíu með sítt, svart hár
15. Barn frá sama landi og þú sem virðist ekki mjög gáfað
16. Barn frá Palestínu sem hefur misst annan handlegginn
17. Ljóshært barn sem talar rétt og skýrt mál
18. Barn sem virðist vera með óstöðvandi hiksta
19. Barn í jakka sem er alveg eins og þú átt
20. Barn sem hlustar stanslaust á MP3-spilara

